

Minnisblað

Til: Bæjarráðs
Frá: Þórdís Sif Sigurðardóttir, bæjarritara
Dags. 31. október 2019
Mnr. 2017010043



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað - Nýting framkvæmdafjár í Önundarfirði

Á 1068. fundi bæjarráðs sem haldinn var 22. júlí sl., samþykkti bæjarráð tillögu Hverfisráðs Önundarfjarðar um nýtingu framkvæmdafjár í timburpall og skjólvegg við ærslabelginn. Samkvæmt minnisblaði Brynjars Þórs Jónassonar, sviðstjóra umhverfis- og eignasviðs, dags. 12. júlí sl., var áætlaður kostnaður allt að kr. 1.637.000,-.

Nú er verkinu lokið og heildarkostnaður við framkvæmdina var kr. 1.154.513,-. Því er framkvæmdafé það sem hverfisráðið á eftir til forgangsroðunar kr. 845.487,-.

Með tölvupósti Ívars Kristjánssonar, formanns hverfisráðs Önundarfjarðar, frá 7. október sl. var óskað eftir fjármagni til að gera hjólabraut fyrir börn sem fullroðna á Flateyri. Með tölvupósti formannsins dags. 30. október kom fram kostnaðaráætlun upp á kr. 602.400,-. Kostnaðurinn felst í vinnuframlagi og tækjanotkun og áætlað að framkvæmdin taki um 5 daga.

Tvær staðsetningar kæmu til greina, sbr. meðfylgjandi kort. Verði framkvæmdin samþykkt mun hverfisráðið sjá um að sækja um tilskilin leyfi og leggja fram kostnaðaráætlun fyrir verkið.

